

**Fundur í stjórn Byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún, haldinn 4. maí. 2012
kl. 17.00 á Húnavöllum.**

Mætt: Heiðrún Bjarkadóttir, Blönduósi. Helga Björg Ingimarsdóttir, Skagabyggð, Halldór G. Ólafsson, sveitarfélaginu Skagaströnd. Ingibjörg Sigurðardóttir, Húnavatnshreppi. Skarphéðinn Einarsson og Jens P. Jensen.

Heiðrún Bjarkadóttir, formaður setti fundinn kl. 17.00 og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Skýrsla skólastjóra.

Vortónleikum er lokið og voru þeir vel sóttir. Skólaslit verða í kringum 20. maí n.k. Um síðustu helgi fór lúðrasveitin, 30 manna hópur, á landsmót Íslenskra skólalúðrasveita á Akureyri og gekk sú ferð mjög vel. Þriðjudag og miðvikudag í næstu viku verða foreldrafundir á Blönduósi og Skagaströnd og þá fer jafnframt fram innritun nemenda. Gert er ráð fyrir að innritun nemenda í Húnavatnshreppi verði við skólaslitin á Húnavöllum.

2. Starfsmannamál.

Sólveig Sigríður Einarsdóttir hefur sótt um launalaust leyfi til eins árs frá tónlistarkennslu við skólann. Samþykkt var að auglýsa eftir stöðu í píanókennslu og kennslu á blásturhljóðfæri.

3. Skólagjöld, skólaárið 2012-2013.

Skólastjóri lagði fram eftirfarandi tillögu um skólagjöld fyrir skólaárið 2012-2013.

Gjaldskrá skólagjalda, hljóðfæraleiga og reglur um afslætti skólagjalda, nám 6 til 19 ára. Vegna náms 20 ára og eldri er gert ráð fyrir 25% álagi á gjaldskrána.

Fullt nám.	52.500 kr.
Hálft nám.	35.500 kr.
Blokkflautunám.	27.500 kr.

Hljóðfæraleiga. 11.000 kr.

Fjölskylduafsláttur:

2 nemendur	10% afsl.
3 nemendur	20% afsl.
4 nemendur	30% afsl.
5 nemendur	40% afsl.

Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

4. Fjárhagsáætlun/bókfærð staða.

Farið var yfir bókfærða stöðu og áætlun síðasta árs og bókfærða og áætlaða stöðu 2012. Bókfærð staða 2012 er nálægt áætlun ársins.

5. Önnur mál.

Samþykkt var að setja íbúðina á Bogabraut 10 á Skagaströnd í útleigu í sumar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18.30